

Formaður Fulltrúaráðsins,
formaður Sjálfstæðisflokksins,
ágætu sjálfstæðismenn!

Að vori verður kosið á ný til Alþingis. Þá verður tekist á um það hvort áfram verður haldið frjálslyndri framfarastefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir, hvort glæsilegasta blómaskeið Íslandssögunnar verður enn framlengt — eða hvort að völdum sest vinstri stjórn, stjórn stöðnunar, stjórn sem mun aðeins fresta mikilvægum ákvörðunum, stjórn sem mun hafa meiri áhuga á fortíðinni en framtíðinni, vinstri stjórn sem verður sundurlynd eins og við þekkjum þær og byggð á tortryggni.

Það veltur á styrk Sjálfstæðisflokksins í þessum kosningum hvernig fer. Málefnastaða flokksins er styrk og skýr, forysta hans er örugg. Það er þó mikið undir því komið að til framboðs á vegum flokksins veljist gott fólk, konur jafnt sem karlar, frambjóðendur sem höfða til allra þjóðfélagshópa, baráttusveit sem speglar hina miklu breidd sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur jafnan átt að fagna.

Undanfarnar vikur og mánuði hefur margur sjálfstæðismaðurinn komið að máli við mig með uppörvandi umsagnir um störf mín og hvatt mig til dáða og til að sækjast eftir einu af efstu sætum á lista flokksins í kosningunum í vor. Mér hefur þótt vænt um þetta og ég hef skynjað mikla velvild í minn garð, bæði frá forystumönnum flokksins, svo og almennum flokksmönnum.

Ég hef litið svo á að í þessu viðhorfi felist ekki aðeins viðurkenning á áratuga löngu starfi mín í þágu Sjálfstæðisflokksins heldur sjái menn líka hve mikilvæg reynslan er í stjórnmálastarfi og jafnframt að flokkurinn okkar sé bæði fyrir karla og konur.

Það eru tæpir tveir áratugir síðan ég settist fyrst á Alþingi. Ég hef í störfum mínum á þinginu fengið tækifæri til að takast á við mörg mikilvæg verkefni, var formaður allsherjarnefndar samtals í 8 ár, síðar formaður utanríkismálanefndar í 2 ár og hef jafnframt sinnt margvíslegu alþjóðlegu samstarfi á vegum Alþingis, hjá NATÓ og Evrópuráðinu. Ég var valin til þess að gegna ráðherrastörfum í 4 ár, embætti dóms- og kirkjumálaráðherra, og nú er ég forseti Alþingis og hef mikla ánægju af því starfi.

Ég hef tekið þátt í fimm prófkjörum á vegum Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, því fyrsta fyrir meira en 20 árum, haustið 1985 fyrir borgarstjórnarkosningar, en síðan 1986 fyrir alþingiskosningarnar sem voru haldnar vorið 1987. Ég hef alltaf fundið meðbyr, vann í fyrsta prófkjörinu til Alþingis það sem kallað var „öruggt sæti“ þótt það reyndist ekki öruggt þegar á hólminn kom enda afar óvæntar og sérkennilegar aðstæður sem sköpuðust þá. Ég var tíður varamaður í þingsölum á kjörtímabilinu 1987-1991 og tók svo fast sæti sem alþingismaður seint á því kjörtímabili, 1. febrúar 1991, þegar Birgir Ísl. Gunnarsson hvarf af Alþingi. Ég var síðan kosin alþingismaður Reykvíkinga um vorið sama ár.

Nú hefur fulltrúaráðið samþykkt að halda prófkjör í lok október, en eins og allir hér vita geta prófkjör verið harður slagur. Ég vona að þetta prófkjör verði drengilegt og flokki okkar og stefnumálum til framdráttar.

Ég vil við þetta tækifæri tilkynna fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, ykkur sem eruð þungamiðjan í flokksstarfinu hér í borginni með ykkar förnfusa hugsjónastarfi, þá ákvörðun mína að ég mun ekki taka þátt í prófkjörinu sem haldið verður í haust og ekki sækjast eftir efstu sætum listanna hér í Reykjavík við kosningarnar í vor. Þessa ákvörðun tók ég fyrir nokkru og fyrir henni eru skýrar og gildar ástæður í mínum huga.

Ég stóð frammi fyrir því nú hvort ég ætti að helga líf mitt allt opinberum störfum, lífa lífi stjórnámamannsins áfram eða snúa mér að öðrum viðfangsefnum. Ég hef á þessum 20 árum haft tækifæri til þess að koma mörgum málum á veg sem ég hef borið fyrir brjósti og mér finnst ágætt tækifæri til þess nú að söðla um og gefa öðrum tækifæri til að spreyta sig. Í stjórnmalum verður að vera hæfileg endurnýjun en ekki stöðnun. Það er liðin tíð í þessu þjóðfélagi að stjórnmalastörf, þingmennska til dæmis, verði ævistarf nokkurs manns. Það er hins vegar mikilvægt að finna rétta tímann til að hætta, fá að velja hann sjálf og þá fremur meðan nokkur eftirsjá ríkir en þegar beinlínis er beðið eftir því að maður dragi sig í hlé!

Ég skal ekki neita því að við þá ákvörðum, sem ég kynni ykkur nú, hef ég velt fyrir mér ýmsum hliðum málsins og ekki án tilfinninga af minni hálfu. Mér finnst flest hafa gengið vel á þessum árum meðan ég hefur verið fulltrúi ykkar á Alþingi og það hefur verið mjög ánægjulegt að taka þátt í þeirri ótrúlega glæsilegu uppbyggingu sem orðið hefur hér á landi á tiltölulega skömmum tíma. Auðvitað hefur stundum blásið á móti, en það er ástæðulaust að kveinka sér undan því vegna þess að það er hlutskipti stjórnámamannsins að taka stundum vindinn í fangið. — En svo skal ég ekki leyna ykkur því að litla barnabarnið sem kom í heiminn fyrir á þessu ári minnti mig rækilega á það að lífið snýst um meira en pólitík.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ætíð verið breiður flokkur, flokkur allra stétta. Ég er stolt af starfi föður míns fyrir verkalyðsráð flokksins um áratuga skeið. Hann átti raunar mörg handtökin í þessu húsi, Valhöll, þegar það reis af grunni. Sjálfstæðisflokkurinn þarf líka að vera flokkur beggja kynja eins og hann hefur jafnan verið. Ég er sem kona stolt af mínu starfi í þágu flokksins.

Frá stofnun Sjálfstæðisflokksins 1929 hefur grundvöllur hans jafnan verið sá að vinna að víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum, eins og það er orðað í fyrstu samþykkt flokksins. Meðan forysta flokksins og við öll, flokksfólkið, höldum trúnað við þessi orð, stöndum vörð um frelsið og berum hagsmuni allra hópa fyrir brjósti, þá mun flokkurinn halda áfram að gnæfa yfir aðra flokka í þessu landi.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur teflt fram mörgum glæsilegum konum til trúnaðarstarfa í stjórnmalum og farið þar á undan öðrum flokkum. Konur hafa stutt Sjálfstæðisflokkinn vel og dyggilega frá stofnun hans. Ég hvet konur til að fylkja sér áfram um Sjálfstæðisflokkinn, ég hvet þær til þátttöku í prófkjörinu og ég heiti þeim stuðningi mínum. Það veltur á miklu að hlutur þeirra verði góður í prófkjörinu í næsta mánuði.

Ég skora á alla flokksmenn að taka þátt í prófkjörinu og vanda val sitt því að Sjálfstæðisflokkurinn á að vera breiður flokkur. Sérhver frambjóðandi og sérhver kjósandi þarf að hugsa um heildina, breiddina, ekkert síður en um sjálfan sig eða sinn mann. Ef prófkjórið fer eins og ég vona þá göngum við sem sigurvegarar frá kosningunum í vor.

Ágætu vinir og samherjar!

Við þetta tækifæri vil ég fá að þakka ykkur áralanga vináttu og stuðning og það traust sem þið hafið sýnt mér gegnum tíðina. Ég er, og verð ávallt, sjálfstæðismaður og mun halda áfram að vinna fyrir og styðja minn flokk. Ég er sannfærð um það að í sameiningu munum við, undir styrkri forystu formannsins, Geirs H. Haarde, leiða Sjálfstæðisflokkinn enn og aftur til sigurs í kosningunum í vor!